

Afl og Orka
Hringhella 9 A
200 Hafnarfjörður

Garðabær, 29. september 2023
Málsnúmer: 202309-0014
SS

Efni: Umsögn um Tunguvirkjun.

Vísað er í bréf frá framkvæmdastýru Afls og Orku ehf, dags. 14. september 2023, þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands um gögn á undirbúningsstigi varðandi matsskyldufyrirspurn um Tunguvirkjun í landi Keldna á Rangárvöllum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin sem fylgdu beiðninni og vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stofnunin hefur verið beðin um umsögn á tilkynntri framkvæmd á vermitjörnum við Eystri Rangá í landi Keldna. Sú áformaða framkvæmd er afar nálægt áformaðri Tunguvirkjun og áhrifasvæðin skarast. Að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif af þessum tveimur framkvæmdum og taka þarf tillit til þessa í matsskyldufyrirspurn um Tunguvirkjun. Gögn um framkvæmd á vermitjörnum er að finna á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Svæðið þar sem þessar tvær framkvæmdir eru áætlaðar hefur þónokkuð verndargildi. Það er m.a. innan skilgreinds mikilvægs fuglasvæðis – sjá hér: <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>.

Þá er svæðið vel gróið og hluti af svæði þar sem ekki hefur orðið gróðureyðing vegna hamfararofs. Frekar fá slík svæði eru á þessum slóðum og þar hafa áhrif lindarvatnsánna skipt miklu máli. Verndargildi gróðurlendisins er því umtalsvert. Ríkjandi vistgerð samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er língresis- og vingulsvist sem hefur hátt verndargildi. Hins vegar er þörf á betri vistgerða- og gróðurkortlagningu á svæðinu. Sú vistgerð er mikilvægt búsvæði fyrir ábyrgðarmófuglategundir, sérstaklega spóa. Æskilegt væri að gera úttekt á fuglalífi svæðisins og meta hver áhrif af áformuðum framkvæmdum geta orðið. Þar þarf líka að skoða fuglalíf við Keldnalæk og Eystri-Rangá.

Keldulækur og Eystri-Rangá teljast bæði til straumvatnsvistgerðarinnar, ár á yngri berggrunni, sem teljst hafa miðlungs verndargildi en slíkar ár sem oftast eru lindár geta verið lífauðugar og ríkuleg búsvæði fyrir fugla, fiska, smádýr og fleiri tegundir. Þótt áformuð Tunguvirkjun sé ekki stór telur Náttúrufræðistofnun nauðsynlegt að lífríki ána sé skoðað betur, sérstaklega áhrifasvæði virkjunarinnar í Keldulæk. Skoða þarf einnig hver áhrif virkjunarinnar geta verið á einstakar kaldar lindauppsprettur.

Náttúrufræðistofnun mælir því á þessu stigi með frekari náttúrufarsathugunum á svæðinu, með áherslu á gróðurfar, fuglalíf og lífríki straumvatns á áhrifasvæði Tunguvirkjunar og að horfa þurfi til samlegðaráhrifa við áformaða framkvæmd á vermitjörnum.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

